

Reykjavík, 16. nóvember 2016  
/ES

Til eigenda Orkuveitu Reykjavíkur

**Efni: Beiðni um áframhaldandi undanþágu Gagnaveitu Reykjavíkur frá upplýsingalögum.**

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 24. október sl. var m.a. bókað:

6. *Íris Lind Sæmundsdóttir, lögfræðingur, lagði fram og kynnti tillögu um áframhaldandi undanþágu GR frá upplýsingalögum, sem frestað var á fundi 234. Tillögunni fylgir greinargerð.*

*Tillagan var samþykkt með 4 atkvæðum gegn 2 atkvæðum Kjartans Magnússonar og Áslaugar Friðriksdóttur.*

Tillagan er svohljóðandi:

*Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur, samþykkir að leggja það til við eigendur sína, sveitarfélögin Reykjavíkurborg, Akraneskaupstað og Borgarbyggð að þau leggi til við forsætisráðherra að undanþága GR frá gildissviði upplýsingalaga sem veitt var 20. desember 2013 verði framlengd.*

Greinargerð:

*Þann 1. janúar 2013 tóku gildi upplýsingalög nr. 140/2012 en markmið þeirra er að tryggja gegnsæi í stjórnslu og við meðferð opinberra hagsmuna. Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laganna taka þau til starfsemi allra lögaðila sem eru að 51% hluta eða meira í eigu hins opinbera. Af því leiðir að þau taka til Gagnaveitu Reykjavíkur (GR), dótturfélags Orkuveitu Reykjavíkur sem er í eigu þriggja sveitarfélaga, Reykjavíkurborgar, Akraneskaupstaðar og Borgarbyggðar.*

*Í 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga er fjallað um heimild forsætisráðherra til að veita undanþágu frá lögnum. Þar segir svo:*

*Ef starfsemi lögaðila sem fellur undir 2. mgr. er að nær öllu leyti í samkeppni á markaði getur ráðherra, að fenginni tillögu hlutaðeigandi ráðherra eða sveitarstjórnar og umsögn Samkeppniseftirlitsins, ákveðið að hann skuli ekki falla undir gildissvið laga þessara eða dregið slíka ákvörðun til baka. Ráðuneytið skal halda opinbera skrá yfir þá lögaðila sem hafa fengið undanþágu samkvæmt málsgreininni, og skal undanþága einstakra aðila endurskoðuð á þriggja ára fresti. Ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein tekur gildi við birtingu hennar í B- deild Stjórnartíðinda.*

GR er fjarskiptafyrirtæki sem hóf starfsemi 1. janúar 2007 þegar það tók við starfsemi gagnaveitu Orkuveitunnar. Hlutverk fyrirtækisins er rekstur og uppbygging háhraða-gagnaflutningskerfis. Starfsemi þess er að öllu leyti í samkeppni á markaði fyrir grunn-kerfi fjarskipta og lýtur hún eftirliti Póst- og fjarskiptastofnunar og Samkeppniseftirlitsins. Helstu og stærstu keppinautar eru Míla ehf. á markaði fyrir grunnkerfi og Síminn hf. fyrir almenna gagnaflutningsþjónustu.

GR á og rekur ljósleiðarakerfi sem liggur að mestu um höfuðborgarsvæðið þar sem búið er að tengja við kerfið tugþúsundir heimila og hundruð fyrirtækja. Þá nær kerfið einnig til hluta Vesturlands og Suðurlands. Um ljósleiðarakerfið rekur GR opið net fjarskipta þar sem tengd heimili á þjónustusvæði fyrirtækisins geta fengið háhraða internet, sjónvarps- og símaþjónustu ýmissa fjarskiptafyrirtækja. Á árinu 2013 féllust eigendur Orkuveitu Reykjavíkur á beiðni OR þess efnis að leggja til við forsætisráðherra að GR yrði veitt undanþága frá gildissviði upplýsingalaga. Við afgreiðslu beiðninnar var leitað umsagnar Samkeppniseftirlitsins sem mælti með að GR yrði veitt undanþága frá upplýsingalögum. **Stofnunin benti á að ef GR væri skyldug til að hlíta reglum upplýsingalaga um aðgengi almennings að upplýsingum þá teldi hún hættu á því að skapast myndi ójafnræði í upplýsingamiðlun á samkeppnismarkaði sem væri óheppilegt í samkeppni keppinauta. Einnig vísaði stofnunin til yfirburðastöðu Mílu og Símans á markaði fyrir fjarskiptagrunnkerfi og tengda þjónustu. Þann 20. desember 2013 tók ráðherra ákvörðun um GR félli ekki undir gildissviði upplýsingalaga en að undanþáguna skyldi endurskoða eigi síðar en 1. janúar 2017.**

Með hliðsjón af því að GR starfar að öllu leyti í samkeppni á markaði og að aðstæður eru óbreyttar frá árinu 2013, er þess óskað að eigendur Orkuveitu Reykjavíkur leggi það til að forsætisráðherra taki ákvörðun um að endurnýja undanþágu GR frá gildissviði upplýsingalaga nr. 140/2012, sbr. 3. mgr. 2. gr. laganna.

Virðingarfyllst,



Elín Smáradóttir, ritari stjórnar.